

## Forsætisnefnd

Ár 2022, föstudaginn 25. febrúar, var haldinn 303. fundur forsætisnefndar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 10:37. Viðstaddar voru Alexandra Briem og Ragna Sigurðardóttir. Eftirtalinn áheyrnarfulltrúi tók sæti á fundinum: Elín Oddný Sigurðardóttir. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Sabine Leskopf og Marta Guðjónsdóttir. Einnig sátu fundinn með rafrænum hætti áheyrnarfulltrúarnir Sanna Magdalena Mörtudóttir, Vigdís Hauksdóttir og Kolbrún Baldursdóttir Eftirtaldir starfsmenn og embættismenn sátu fundinn: Helga Björk Laxdal, Ívar Vincent Smáráson og Hulda Hólmkelsdóttir sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lögð fram drög að dagskrá fundar borgarstjórnar 1. mars 2022. MSS22010058

Forsætisnefnd óskar eftir að eftirtalin mál verði tekin á dagskrá sem sérstakir dagskrárlíðir með vísan til samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar:

- a) Umræða um málefni Úkraínu (að beiðni borgarstjórnar)
  - b) Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um sveigjanleg skólaskil
  - c) Umræða um endurskoðun þjónustustefnu Reykjavíkurborgar og drög að aðgerðaáætlun (að beiðni borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna)
  - d) Tillaga borgarfulltrúa Miðflokksins um ljósastýringarmál
  - e) Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflakks Íslands um að Reykjavíkurborg beiti sér gegn spilakössum
  - f) Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um úttekt á eftirliti með skólaforðun
  - g) Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um umræðu um húsnæðismarkaðinn við SSH
  - h) Kosning í velferðarráð
2. Lagt fram trúnaðarmerkt minnisblað borgarritara og skrifstofustjóra borgarstjórnar, dags. 18. febrúar 2022, um öryggismál kjörinna fulltrúa. MSS21120237
  3. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 10. febrúar 2022, þar sem forsætisnefnd er tilkynnt um afgreiðslu skipulags- og samgönguráðs á tillögu fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða um bætt hjólastólaaðgengi í grunnskólum og félagsmiðstöðvum. MSS22020022

### Fundi slitið kl. 11:28

Alexandra Briem

Sabine Leskopf  
Marta Guðjónsdóttir

Ragna Sigurðardóttir